



Mynd: Anna Björnsson

KANDÍDATAR 2012

Agnes Björg Gunnarsdóttir
Anna Kristín Höskuldsdóttir
Anna Lilja Gísladóttir
Anna Sigurðardóttir
Árni Sæmundsson
Ásdís Egilsdóttir
Ásgeir Pétur Þorvaldsson
Baldur Þórólfsson
Birgir Guðmundsson
Bryndís Baldvinsdóttir
Brynhildur Hafsteinsdóttir
Einar Teitur Björnsson
Fríða Guðný Birgisdóttir
Gerður Leifsdóttir
Guðrún Arna Jóhannsdóttir
Guðrún María Jónsdóttir

Guðrún Nína Óskarsdóttir
Gunnar Jóhannsson
Gunnar Sigurðsson
Halla Sif Ólafsdóttir
Halldór Örn Ólafsson
Hanna S. Hálfðanardóttir
Helga Kristín Mogensen
Helgi Þór Leifsson
Hrólfur Vilhjálmsson
Íris Ösp Vésteinsdóttir
Jóhanna Fríða Guðmundsdóttir
Jón Áki Jensson
Jón Ragnar Jónsson
Katrín Ólafsdóttir
Kristján Óli Jónsson
Kristófer Sigurðsson

María Hrund Stefánsdóttir
Marta Rós Berndsen
Ragnheiður M. Jóhannesdóttir
Rut Skúladóttir
Rúnar Bragi Kvaran
Sigurbjörg Ólafsdóttir
Stefán Ágúst Hafsteinsson
Stefán Sigurkarlsson
Steindór Oddur Ellertsson
Sverrir Gauti Ríkarðsson
Unnur Lilja Þórisdóttir
Vaka Kristín Sigurjónsdóttir
Vilborg Jónsdóttir
William Kristjánsson
Þorsteinn Heiðberg Guðmundsson
Þórður Skúli Gunnarsson

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Listamaðurinn **Etienne de France** (f. 1984) hefur unnið að viðamiklum verkum þar sem hann setur fram skáldskap eða útpípu á raunsæislegan hátt. Þegar hann kynnti hið íslenska lestarkerfi árið 2010, Icelandtrain, útbjóg hann sem dæmi ímynd fyrirtækisins í heild, vörumerki, heimasíðu og jafnvel búninga starfsfólks. Síðar hannaði hann heila borg á teinum sem hægt var að færa hvert á land sem er og raða upp húsum og borgarhverfum að vild. Nýjasta verkefni Etienne snýst um tilvist Stellerskýrinnar sem vísindamenn ku hafa komist á snoðir um eftir að hafa haldið að slík sjávarspendýr væru löngu útdauð. **Tales of a Sea Cow**,



2012, er tæplega klukkustundarlöng heimildarmynd um leiðangur vísindamanna til Grænlands þar sem þeir rannsaka dýrin og gera merkilega uppgötvun um hljóðin sem þau gefa frá sér. Rannsóknir leiða í ljós að hvalirnir hafa fylgst með gjörðum manna um langa hríð og skiptast á upplýsingum um okkur. Slegist er í för með vísindamönnum í vettvangsleiðangra og þeir teknir tali á rannsóknarstofu sinni. Þeir kynna sér þau líffæri hvalanna sem þeir nota til tjáningar og skynjunar, en þar gegna eins

konar veiðihár lykilhlutverki. Allt lítur verkefnið út fyrir að vera raunverulegt en er í raun hugarfóstur listamannsins. Etienne sýnir ásamt heimildarmyndinni ljósmyndir, skúlptúra og önnur verk sem tengjast Steller sækúnni. Á forsiðu *Læknablaðsins* má sjá ljósmynd af vísindamanninum Jenu Torgessik sem heldur á veiðihári hvalsins og á innskotsmyndinni er verið að sökkva hljóðnemum við strendur Grænlands til að nema söng dýranna. Margt er hægt að lesa úr verki Etienne í heild en í grunninn er um að ræða sigildan samburð á aðferðum lista og vísinda þegar kemur að því að skrásetja heiminn, túlka umhverfið og

skilgreina tengsl manns og náttúru. Þá er hreyft við áhugaverðum vangaveltum um tungumál og samskipti sem og gildi þjóðsagna og hjátrúar. Allt er þetta sett fram á trúverðugan máta, með hæfilegri blöndu af humor og súrrealisma. Etienne de France sem er búsettur hér á landi útskrifaðist frá Listaháskólanum árið 2008 og hefur sýnt verk sín víða um heim.

Markús Þór Andrésson